

STJÓRNARTÍÐINDI B 115 – 1995

27. nóvember 1995

1593

Nr. 628

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Orgelsjóð Langholtskirkju.

1. gr.

Orgelnefnd Langholtskirkju stofnar hér með Orgelsjóð Langholtskirkju með eftirfarandi skipulagsskrá:

2. gr.

Sjóðurinn heitir Orgelsjóður Langholtskirkju. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Orgelsjóður tók til starfa sem sjálfstæð stofnun 1. september 1993.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að safna fyrir og kaupa orgel í Langholtskirkju og til viðhalds á því.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum: Organista Langholtskirkju sem er formaður sjóðsstjórnarinnar, einum tilnefndum af sóknarnefnd Langholtskirkju og einum tilnefndum af stjórn kórs Langholtskirkju. Stjórnin kallar sér til fulltingis ráðgjafanefnd sem skipuð er sjálfboðaliðum. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á varðveislu hans og skal sjá til þess að endurskoðaðir reikningar sjóðsins séu sendir ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert. Sjóðsstjórnin tilnefnir endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru frjáls framlög, gjafir og söfnunarfé sem lagðar hafa verið í sjóð til orgelkaupa í Langholtskirkju, þar af er bundið stofnfé 450.000 kr.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, tekjur af sölu minningarkorta, tekjur af tónleikum, útgáfu geisladiska og annað fé sem sjóðnum hlotnast. Sjóðnum er heimilt að ráðstafa öllu því fé sem safnast og tekjum sjóðsins skal einungis varið til kaupa á orgeli í Langholtskirkju og viðhald þess.

7. gr.

Sóknarnefnd Langholtskirkju skal fá skýrslu um stöðu sjóðsins fyrir aðalsafnaðarfund sem er haldinn árlega.

8. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með þeim eignum sem safnast hafa og munu safnast í orgelsjóð.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari með samþykki meirihluta stjórnar. Tillaga um að leggja sjóðinn niður verður því aðeins gild að hún njóti stuðnings allra stjórnarmanna. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til eflingar tónlistarstarfs í landinu, að ákvörðun sjóðsstjórnar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Stjórn í nóvember 1995 skipa: Jón Stefánsson, Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Stefán Guðjohnsen.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. nóvember 1995.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Langholtskirkju.

1. Nafn sjóðsins er Líknarsjóður Langholtskirkju og er heimili hans í Langholtskirkju í Reykjavíkurborgarprófastsdæmi vestra.

2. Stofnfé sjóðsins er kr. 1.506.703,33, ein milljón fimm hundruð og sex þúsund sjö hundruð og þrjár $\frac{33}{100}$, höfuðstóll Minningarsjóðs Ingibjargar Þórðardóttur, fyrstu prestkonunnar í Langholtsprestakalli. Líknarsjóðurinn skal vera í minningu hennar og eiginmanns hennar, sr. Árelíusar Níelssonar.

3. Tilgangur sjóðsins er að styðja þá sem minna mega sín í söfnuðinum með peningastyrkjum eftir því sem stjórn sjóðsins telur rétt hverju sinni. Styrkir skulu veittir til að leggja þeim lið og gleðja þá sem minna mega sín, vegna slysa, sjúkdóma eða tímabundinna fjárhagserfiðleika.

4. Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum: Sóknarpresti, tveimur tilnefndum af stjórn Kvenfélags Langholtssóknar og tveimur tilnefndum af sóknarnefnd Langholtskirkju og skal annar þeirra jafnframt vera formaður stjórnar sjóðsstjórnar. Annar af fulltrúum kvenfélagsins skal vera varaformaður. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Hætti kvenfélagið störfum skal sóknarnefnd tilnefna fjóra stjórnarmenn.

5. Ekki skal líða lengra á milli stjórnarfunda en 3 mánuðir.

6. Sóknarprestur gerir tillögur um styrki úr sjóðnum til sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn er heimilt að fela sóknarpresti að veita styrki innan tiltekinna fjárhæðar án þess að bera það undir stjórn sjóðsins, að því tilskildu, að styrkurinn sé borinn undir formann áður en til úthlutunar kemur og ræddur í stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfundum á eftir.

7. Viðbættan höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Gjafir og önnur framlög til sjóðsins leggjast við höfuðstól. Því til viðbótar skal ekki minna en 10% raunvaxta leggjast við höfuðstól árlega.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður með bestu fáanlegu kjörum hverju sinni.

Raunvöxtum, að öðru leyti en því sem að ofan greinir, skal varið til styrkja samkvæmt því sem um getur í 3. tölulíð.

8. Einn dagur árlega, 2. maí (brúðkaupsdagur hjónanna Ingibjargar Þórðardóttur og Árelíusar Níelssonar, fyrstu prestshjónanna í Langholtsprestakalli), sé helgaður sjóðnum,